

Ed.

256. Nefndarátt

um frv. til laga um Menningarsjóð.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir leitað sjer nokkurra upplýsinga um þau atriði, sem helst mega gefa bendingar um það, hversu miklar tekjur hinn væntanlegi menningarsjóður muni hljóta árlega.

Samkvæmt upplýsingum í bræfi fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 17. þ. m., hafa áfengissektir í rikissjóð frá 1921—1926, »þær er eigi hafa verið afplánaðar«, numið til jafnaðar á ári tæpum 13400 kr.

Á sama tíma, 1921—1926, hefir andvirði upptækra, seldra skipa numið 36330 kr. alls. Um andvirði upptæks áfengis verður ekkert fullyrt, þar sem miklum hluta þess hefir enn ekki verið varið til verðs.

Með hliðsjón af framangreindu virðist nefndinni sennilegt, að árstekjur sjóðsins verði nálægt 20—25 þús. kr. Er sú ágiskun í samræmi við bendingu þá, sem greinargerð frumvarpsins gefur.

Nefndin er sammála um frv. þetta að því er varðar tilgang sjóðsins og verkefni.

Hinsvegar ritar einn nefndarmanna, Jón Þorláksson, undir nefndarálitid með fyrirvara. Mun hann gera grein fyrir sjerstöðu sinni við umræður.

Að öðru leyti vill nefndin leyfa sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. Við 1. gr. 3. málslíður orðist svo:

Til sjóðsins falla árlega allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af rjettvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af samskonar ástæðn hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþykktum.

2. Við 2. gr. Fyrir orðin »i janúar« komi: i apríl.

3. Við 6. gr.

a. 2. málslíður byrji þannig:

Heimilt er að verja $\frac{1}{5}$ hluta af árstekjum þessarar deildar til að verðlauna teikningar — o. s. frv. málslíðinn út.

b. Á eftir orðunum »Aldrei má« i byrjun 3. málslíðar komi: þó.

Alþingi, 18. febr. 1928.

Þáll Hermannsson,
form. og framsögnm.

Erlingur Friðjónsson,
fundaskrifari.

Jón Þorláksson,
með fyrirvara.